

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar.

7. gr.

### Stjórn

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum einstaklingum auk varamanna. Stjórnin skal valin til tveggja ára og tilnefna eftirfarandi aðilar einn aðalmann og einn varamann hver:

- Menningarmiðstöð Þingeyinga
- Rannsóknarstofnanir í Þingeyjarsýslu
  - Náttúrustofa Norðausturlands
  - Rannsóknarsetur Háskóla Íslands
  - Þekkingarnet Þingeyinga
- Norðurþing
- Húsavíkurstofa

Láti stjórnarmaður af stjórnarstörfum tekur varamaður sem tilnefndur var af sama aðila og viðkomandi stjórnarmaður, sæti hans í stjórn frá og með næsta stjórnarfundi.

Stjórnin kýs formann stjórnar, og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórn stýrir málefnum stofnunarinnar og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

8. gr.

### Stjórnarfundir

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Á fundum stjórnar ræður meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar. Fundargerð skal rituð á tölvutækt form. Á fundargerð skal rituð dagsetning, tími, hverjir voru fundarmenn og hvar fundur fór fram. Fundargerðir skal varðveita þar til gerðri í fundargerðarmöppu. Á fyrsta stjórnarfundi hvers árs skal stjórn setja sér starfsáætlun fyrir árið.

Þóknun til stjórnarmanna er í samræmi við greiðslur fastanefnda í sveitarstjórn Norðurþings. Formaður stjórnar skal fá 50% álag á laun annarra stjórnarmanna.

9. gr.

### Framkvæmdastjóri

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og starfsmannamál. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

HHH  
SES  
DSD